

*Bréf dómsmálastjórnarinnar* (til landshöfðingjans yfir Íslandi).

Samkvæmt því, er dómsmálastjórnin, eptir að hafa meðtekið þóknanlegt bréf herra landshöfðingjans dagsett 4. maí síðastliðinn, hefir allraþegnsamlegast lagt til, hefir hans hátígn konunginum þóknast allramildilegast að fallast á, að útgefn verði frá 1. ágúst næstkomandi tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, og að útgjöld þau, hér um bil 240 rdl., er þar til eru nauðsynleg, verði greidd af hinum íslenska landssjóði, þannig, að upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í 6. grein áætlunarinnar um tekjur og útgjöld Íslands árið 1874, er staðfest var af hans hátígn 31. oktbr. f. á., verði breytt samkvæmt þessu.

Jafnframt því þjónustusamlega að kunngjöra Yðr þenna úrskurð hans hátígnar Yðr til leiðbeiningar, og til þess að Þér ráðstafið því, sem ennfrems er nauðsynlegt, skal stjórnin eigi láta hjá líða, að taka það fram er hér segir:

Eins og drepíð er á í bréfi stjórnarinnar 16. marts þ. á. á að gefa út þessi tíðindi í 2 deildum A og B. Hin fyrri deildin, er inniheldr lög og tilskipanir, verðr gefin út hér í sambandi við *lagatíðindin*, og með hinu sama letri og á sama pappír sem þessi tíðindi, þó þannig að íslenski textinn verði prentaðr við hlið hins danska texta, en herra landshöfðinn verðr að sjá um útgáfu deildarinnar B, og verðr eptir nánari ákvörðun Yðar að taka inn í hana, auk slíkra úrskurða frá konungi og stjórninni, sem hingað til hafa verið birtir í hinum 2 deildum stjórnartíðindanna og í tíðindum þeim um stjórnarmálefni Íslands, er hið íslenska bókmentafélag hefir gefið út, ennfrems þá úrskurði landstjórnarinnar, er mundu varða almenning og jafnframt ýmsar skýrslur, er veldu þykir, við eiga að birta á þenna hátt, þar á meðal hin lögskipuðu ágríp af reikningum þopinþerra stofnana, sveitastjóða og annara slíkra sjóða, verðlagsskrár m. m., og skal í tilefni af tillögu Yðar í nefndu bréfi Yðar, ekki undanfella að taka fram, að ekki skal heimta neina borgun fyrir að taka þessar skýrslur inn í stjórnartíðindin. Loksins verðr að taka inn í þessi tíðindi skýrslur um landshagi Íslands, að nokkru leyti eins og gert hefir verið í stjórnartíðindunum, sjá Ministerialtidende árið 1871 B bls. 723 ff.

Svo er til ætlað, að stærð deildarinnar B, að meðtöldum hinum nefndu landshagskýrslum, verði hér um bil 15 arkir á ári. Þar sem báðar deildir eiga að vera ein heild, verðr, eins og drepíð er á í ofanefndu bréfi stjórnarinnar, að gefa deildina B út í hinu sama broti, með sömu rættitun og, svo framarlega sem unnt er, á sama pappír sem deildina A, er, eins og sagt var, verðr með allri hinni sömu útgjörð sem *lagatíðindin*, en til deildarinnar B má að öllu eða nokkru leyti nota smærri letr, og verðr að viðhafa meiri sparnað í tilliti til prentunar hennar.

Tíðindin öll á að senda borgunarlaust öllum stjórnarvöldum, landsyfirréttinum, landfógetanum, landlækninum, sýslumönnum, sveitarstjórnnum, embættismönnum, andlegar stéttar og umbodsmönnum þjóðjarða á Íslandi. Að öðru leyti geta tíðindin fengist keypt fyrir það andvirði, er Þér hafid stungið upp á, 80 sk. (1 króna 66 aurar) um árið, fyrir þetta ár frá 1. ágúst til 31. desbr. 40 sk.

Eins og herra landshöfðinginn hefir ráð fyrir gjört, skal þar að auki við hafa deildina A til þinglestrs lagaboða þeirra, er hún hefir inni að halda.

Exemplör þau, er nauðsynleg eru í þessu tilefni af deildinni A, munu verða til útbýtingar þannig: c. 425 borgunarlaust, c. 200 til kaupanda og c. 175 til þinglestrs, og munu þau verða send Yðr héðan til frekari ráðstöfunar, en Þér eruð beðnir að senda stjórninni nokkur exemplör af deildinni B.

1) Samkvæmt lögum 25. júní 1870 hafa að tilhlutun stjórnarinnar frá 1. janúar 1871 verið gefin út í Kaupmannahöfn *lagatíðindi* og stjórnartíðindi „en Lovtidende og en Ministerialtidende“.

Fyrir ritstjórn á deildinni B getið þér látið viðkomandi fá 10 rd. fyrir örkina allt að 150 rd. um árið, og í þóknun fyrir útbýtingu tíðindanna og fyrir fjárheimtu og reikningsstörf 50 rd. um árið, og getið þér þar hjá varið allt að 150 rd. um árið til borgunar fyrir að semja landshággsskýrslurnar, og má greiða öll þessi útgjöld og það, sem annars með þarf til prentunar, pappírs og póstsendinga — og hafa þessi gjöld verið reiknuð eptir áætlun þeirri, er þér höfðuð gjört í framannefndu bréfi Yðar — en að frádragnu gjaldi frá kaupöndum, úr jarðabókarsjóði Íslands, þannig að viðkomandi upphæð fyrir nú yfirstandandi ár, samkvæmt framannefndum úrskurði hans hátignar, verði færð til útgjalda í 6. grein áætlunarinnar.

**Konungsbréf.**

Vér viljum, áðr en Vér förum frá landi voru Íslandi, eptir þessa dývl Vora, er hefir verið Oss svo dýrmæt, ráðstafa fjárupphæð, er nemur 4000 rd., til þess, að af fé þessu verði stofnað sjóðr, og skal vöxtum hans varið til tveggja árlegra heiðrsgjafa handa þeim meðal íbúa landsins, ær jarðyrkju, hestarækt, iðnaði, fiskiveiðum, sjóferðum eðr vörslun hafa sýnt hina mestu og merkilegustu framtakssemi til að auka og bæta atvinnu-vegi þessa, sem eru svo áriðandi fyrir landið.

Því viljum vér hér með hafa afhent þér, Oss elskulegum, Vorum landshöfðingja yfir Íslandi, upphæð þá, er nefnd var, til þess að hún verði látin ávaxtast að Þinni ráðstöfun, og skal þér falið að gjöra nánari tillögu um reglugjörð fyrir gjafafé þessu.

Vér felum þig Guði lofandi Gefið í Reykjavík hinn 10. dag ágústmánaðar 1874.

**Christian R.**

Til vors elskulega landshöfðingja yfir Íslandi Hilmars Finsens kommandörs af danne- brogen og dbrm.

**Reglur**

fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Fanginn skal, eptir undirbúningsdývl á móttökustofunni, þar sem hann fær þær á- kvarðanir að vita, sem fyrir stofnanina gilda, og þar sem hann verðr færðr í ákveðinn fangabúning, taka út ídæmda hegningu, annaðhvort í einverufangelsi, eðr þannig, að hann á daginn vinni í samveru við aðra, en sé á nóttunni eptir aðalreglunni í einbýsi.

Á móttökustofunni skal rannsaka hvern fanga, og skal hann þá afhenda umsjónar- manni undantekningarlaust allt, sem hann hefir meðferðis til stofnunarinnar.

Skyldur fanga eru yfir höfuð þessar:

1. Fyrirskipaða húshætti skal hann í einu og sérhverju halda og samstundis gegna bendingum þeim, er honum verða gjörðar.
2. Hann skal sýna öllum yfirboðurum sínum virðingu og skilyrðislausu hlýðni.
3. Hann skal með þögn, guðrækni og eptirtekt hlýða á helgar tíðir og húsvitjanir sálu- sorgarans.
4. Það, sem honum er fyrir sett að vinna, skal hann gjöra með iðni og alúð. Um vinnu- tímamann má hann aldrei vera iðjulaus.
5. Meðfanga sína skal hann umgangast með velvilja og friðsemi. Taki hann hegningu

2  
10da  
ágúst

3  
22an  
júni.